

Ræsting í Grunnskóla Húnaþings vestra

Tvær stöður skólaliða í ræstingu eru lausar til umsóknar í Grunnskóla Húnaþings vestra. Um er að ræða 100% starf og 50% starf frá 1. ágúst 2021.

Umrædd störf eru aðallega í ræstingum á sameiginlegu húsnæði grunn- og tónlistarskóla en einnig er gert ráð fyrir að viðkomandi geti sinnt störfum við frímínútnagæslu, frístundastarf og annarra tilfallandi starfa undir verkstjórn umsjónarmanns skólamannvirkja.

Gert er ráð fyrir að daglegur vinnutími fyrsta starfsárið verði

- Fyrir fullt starf 11:00 - 19:00
- Fyrir hálf starf 15:00 - 19:00

Möguleiki er að daglegur vinnutími breytist ef þríf geta farið fram að stærri hluta á kennslutíma í samráði við viðkomandi starfsmenn.

Eftir fyrsta starfsárið er gert ráð fyrir að störfin færist alfarið yfir á dagvinnutíma og báðir aðilar sinni þrífum og gæslu á tímabilinu 8:00 - 16:00. Aðalhreingerning fer fram þegar kennsla fer ekki fram, s.s. í jólaaleyfi, páskaleyfi og á sumrin.

Helstu verkefni og hæfnikröfur

- Þríf og aðalhreingerning
- Gæsla nemenda í skóla og frístundastarfi.
- Áhugi á að vinna með börnum er skilyrði.
- Jákvæðni, lipurð og góð færni í mannlegum samskiptum eru nauðsynleg.
- Starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi.
- Umsóknarfrestur er til 1. apríl 2021
- Ráðningartími er frá 1. ágúst 2021
- Upplýsingar um umsagnaraðila.
- Starfsferilsskrá.

Umsóknir skulu berast á netfangið siggi@skoli.hunathing.is. Öllum umsóknum verður svarað.

SJÓNAUKINN

24. MARS 2021 - 30. MARS 2021

• 12. tölublað • 36. árgangur •

Aðalfundir

Aðalfundir Þyts og hrossaræktarsamtakanna verða haldnir sunnudaginn 28. mars. Nánar auglýst síðar á heimasíðu Þyts.

Aðalfundur

Aðalfundur Framsóknarfélags Húnaþings vestra verður haldinn að Garðavegi 8 mánudaginn 12. apríl kl. 20:30.

Dagskrá:

Venjuleg aðalfundarstörf

Kosningar

Önnur mál

Stjórnin

Frá UMF Kormáki

Á næstu dögum munum við senda fyrirtækjum í Húnaþingi vestra tölvupóst sem inniheldur boð um að styrkja íþróttafélagið Kormák.

Í boði verður t.d að kaupa pláss, fyrir kynningu á starfssemi fyrirtækis þíns, í Sjónaukanum og fá lógó birt á vef Sjónaukans.

Íþróttastarf er mikilvægt bæði hvað varðar lýðheilsu og sem forvörn - við vonumst eftir góðum undirtektum!